

Mál nr. 5/2012

Ár 2012, þriðjudaginn 18. desember var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 5/2012

X
gegn
Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I Málsmæðferð siðanefndar

Í erindi kæranda (HRFÍ) sem barst siðanefnd 20. mars 2011 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærði (Y) hafi gerst brotlegur við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ með því að para tíkina XX með rakkanum ZZ án þess að tíkin hefði gilt augnvottorð. Kæran var send kærða til umsagnar með bréfi dagsettu 12. apríl 2012 og honum gefinn andmælafrestur til 10. maí. Hinn 18. apríl móttók siðanefnd svarbréf kærða og var afrit af því sent kæranda til umsagnar. Kærandi svaraði ekki efnislega en óskaði eftir því að haldið yrði áfram með málið. Var þá boðaður sáttafundur með málsaðilum hinn 30. október þar sem málsaðilar reifuðu sín sjónarmið. Ekki komu fram frekari andmæli og ekki náðust sættir með aðilum. Þar sem siðanefnd taldi að öll gögn er máli skiptu hefðu komið fram í málinu þá ákvað hún að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði var tíkin XX pöruð með rakkanum ZZ hinn 5. október 2011. Hundarnir eru af kyninu Labrador Retriever. Við pörunina var tíkin ekki með gilt augnvottorð. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærði brotið gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ. Kærði svaraði því til að pörunin hafi ekki verið skipulögð heldur hafi hún verið um gleymsku og athugunarleysi að ræða. Eftir pörunina hafi verið farið með tíkina í augnskoðun við fyrsta tækifæri sem bauðst, en það var 20. nóvember 2011. Tíkin hafði staðist augnskoðun þrisvar áður og verið pöruð á grundvelli niðurstaðna úr þeim skoðunum.

III. Forsendur

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um hundakynið gordon setter:

„Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun. (Gildir frá 01.11.1999)“.

Óumdeilt er að á þeim tíma sem pörun fór fram hinn 5. október 2011 var tíkin ekki með gilt augnvottorð. Samkvæmt reglum sérdeilda er ljóst að við pörun hunda af kyninu Labrador Retriever skal augnskoðun hafa farið fram og má vottorðið ekki vera eldra en 18 mánaða hjá undaneldishundum. Augnvottorðið er því eitt þeirra vottorða sem áskilin eru um heilsufarsskoðun hundakynsins. Hefur kærði því gerst brotlegur við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kemur þá til skoðunar hver séu hæfileg viðurlög við brotinu. Kærði hefur gefið þá skýringu að pörunin hafi ekki verið ásetningur heldur hafi hún verið slys og að farið hafi verið með hundinn í augnskoðun strax og því var við komið. Siðanefnd telur það þó ekki breyta brotinu að hundurinn hafi staðist augnskoðun eftir. Reglan hljóðar á um að vottorð liggi fyrir við pörun þannig að tryggt sé að hundurinn beri ekki með sér arfgengan augnsjúkdóm. Þá er það alfarið á ábyrgð eigenda að hundar parist ekki fyrir slysi.

IV Niðurstaða

Kærði Y telst hafa gerst brotlegur við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærði er áminntur

f.h. siðanefndar

Sign: Guðríður Valgeirsdóttir, Hilmar Sigurgíslason, Kristín Sveinbjarnardóttir